

og byrgði andlit sitt í höndum sér, — "hvað hefirðu gert, ógæfusama barn, veiztu hve óttalegan eið þú hefir unnið? Veiztu hvað þú hefir svarið? Ó, þetta er voðalegt".

"Vertu ekki sorgbitin, góða mamma", sagði Móríts, og lagði hendur um háls henni, — hefði ég vitað, að þetta mundi hrella þig svona mikið, þá hefði ég ekki gert það, sem sá rauðhærði það mig um, en ég hélt það væri ekki syndsamlegt".

"Jæja, sonur minn", sagði húsrú Sterner, dálítið rólegri, "það er líka það eina, sem huggar mig, að þú ekki vissir það. Þú ert barn, og því er hægt að tala þig, en þú verður að lofa mér því, að hugsa aldrei um það, sem rauðhærði maðurinn sagði þér. Þú verður að gleyma því, annars dey ég af sorg".

"Gráttu ekki, mamma mín, ég skal gera allt, sem þú vilst. Þú verður glöð og ánægð við litla drenginn þinn. Ég skal segja þeim rauðhærða, þegar ég sé hann aftur, að það hafi hrygt þig, að ég sór eiðinn, og því hafi ég afsneitað honum aftur. — Nei, nei, þú mátt ekki tala við þennan mann", greip móðir hans fram í fyrir konum. "Það er hættulegur maður, — þú verður að forðast hann".

"Hættulegur", sagði drengurinn undrandi. — "Hann var alls ekki hættulegur, en þvert á móti vingjarnlegur og góður, því hann hjálpaði mér til að bera eldiviðinn".

"Ég fullvissa þig um það, drengur minn, að rauðhærði maðurinn, sem þér virtist svo góður, hefir gert þér meira ilt en ríki maðurinn, sem var svo slæmur —"

"Á hvern hátt, mamma, ég skil það ekki".

"Jú, af því hann vildi kenna þér að hata, — en það er engin tilfinning til, sem er grimmari ókristilegri og meira siðspillandi, en hatursins. Þú veizt, að guð hefir skipað okkur, að elska nágranna vora